



# Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 4. tbl. október 2009

## Félagsfundarboð

Félagsfundur Tannlæknafélags Íslands verður haldinn í félagsheimili TFÍ að Síðumúla 35, fimmtudaginn 8. október 2009 og hefst kl. 18.00.

### Dagskrá:

Kl. 18.00 Guðríður Anna Kristjánsdóttir tannlæknir og héraðsdómslögmaður hjá VÍS mun flytja erindi um:

### "Um bótakröfu og bótaskyldu skv. lögum um sjúklingatryggingu"

Kl. 19.00 Kvöldverður borinn fram, Eldhús sælkerans sér um veitingar að venju. - **Munið að skrá ykkur í matinn!**

Kl. 20.00 Hefðbundin félagsdagskrá.

## Svínainflúensa

### Bólusetningar vegna svínainflúensunnar (H1N1).

Mikið hefur verið rætt um bólusetningar vegna H1N1 inflúensunnar hér á Íslandi. Ekkert samband hafði verið haft við TFÍ varðandi þessi mál að hálfu Landlæknisembættisins. Formaður sendi því fyrirspurn til embættisins um það hvort tannlæknar teldust til heilbrigðisstétta og gert væri ráð fyrir þeim í bólusetningum heilbrigðisstétta. Við fengum svar um hæl um að auðvitað værtu tannlæknar heilbrigðisstétt og meira að segja í mikilli smithættu. Við höfum því sent lista með öllum starfandi tannlæknum í TFÍ til Landlæknisembættisins sem síðan mun senda nöfn tannlækna út á viðeigandi heilsugæslustöðvarþarsembólusetttverður. Í fyrstu umferð bólusetningarinnar verða það bara tannlæknar sem verða bólusettir en ekki aðstoðarfólk. TFÍ þakkar Landlæknisembættinu góð viðbrögð við fyrirspurn okkar og vonandi verður þetta tannlæknum til góðs. Við gefum tannlæknum í TFÍ nánari upplýsingar þegar nær dregur.

# TILLÖGUR STJÓRNAR um skipan í nefndir og trúnaðarstörf félagsins 2009-2010

**Formaður:** Sigurður Benediktsson

**Stjórn:** Börkur Thoroddsen, Elfa Guðmundsdóttir, Stefán Hallur Jónsson, og Kristín Heimisdóttir

**Varastjórn:** Ingibjörg Sara Benediktsdóttir og Eva Guðrún Sveinsdóttir

## 1. Árshátíðar- og skemmtinefnd:

Guðrún Jónsdóttir, Áslaug Óskarsdóttir, Elín Sigurgeirsdóttir, Hrönn Róbertsdóttir, Kristín Gígja Einarsdóttir, Kristín Heimisdóttir, Petra Sigurðardóttir, Solveig H Jónsdóttir

## 2. Árspings- og endurmenntunarnefnd:

Jón Ólafur Sigurjónsson, Petra Sigurðardóttir, Júlíus Schopka, Sigríður Rósa Víðsdóttir Magnús F. Ragnarsson og fulltrúi stjórnar.....

## 3. Félagsheimilisnefnd

Heiðdís Halldórsdóttir, Jóhanna B Bjarnadóttir og fulltrúi stjórnar (framkvæmdastjóri).

## 4. Fulltrúi TFÍ í sérfræðinefnd

Ásgeir Sigurðsson, aðalmaður og Sigurjón Arnlaugsson, varamaður

## 5. Gerðardómur

Helgi Magnússon, Þórir Schiöth, Þórarinn Jónsson, Heimir Sindrason, Sigurjón Benediktsson og Ingibjörg S Benediktsdóttir

## 6. Hag- og rekstrarnefnd (áður Gjaldskrárnefnd)

Börkur Thoroddsen, Halldór G Halldórsson, Kristján Víkingsson, Þorsteinn Sch.Thorsteinsson og formaður félagsins.

## 7. Lyfjanefnd

Elín S Wang, Júlíus Schopka, Guðmundur Á. Björnsson og Rolf Hansson

## 8. Minjasafnsnefnd

Birgir J. Jóhannsson, Guðmundur Rúnar Ólafsson og Ólafur Björgúlfsson

## 9. Orða og fræðslunefnd:

Björgvin Ó Jónsson og Karl Örn Karlsson

## 10. Ritnefnd Tannlæknablaðs og heimasíðu

Sigrún Jónsdóttir ritstjóri, Berglind Jóhannsdóttir, Helgi Hansson og Jónas Geirsson

## 11. Ritnefnd Tannlæknatala

Sigurjón Sigurðsson, Gunnar Þormar, Gunnar Róðarsson og Jónas B. Birgisson

## 12. Samninganefnd við tannsmiði og FTAT

Gísli Vilhjálmsson, Guðrún Haraldsdóttir og Kristján Víkingsson

## 13. Samninganefnd TFÍ og TR

Formaður félagsins (sjálfkjörinn), Stefán Hallur Jónsson, Ásgeir Sigurðsson og Þorsteinn Sch Thorsteinsson

## 14. Samstarfsnefnd TFÍ og TR

Jón Ásgeir Eyjólfsson, aðalmaður, Ingunn Mai Friðleifsdóttir, varamaður . Formaður félagsins og varamaður Stefán Hallur Jónsson.

## 15. VEIT - Virk Endurmenntun Íslenskra Tannlækna

Fulltrúi stjórnar TFÍ: Börkur Thoroddsen, fulltrúi tannlæknadeildar HÍ: Björn Ragnarsson

Fulltrúi kosinn á aðalfundi TFÍ: Þorsteinn Sch. Thorsteinsson

## 16. Vísindasjóður

Formaður félagsins, Þórarinn Jónsson og Þórarinn J. Sigurðsson

## 17. Kynninganefnd

Berglind Jóhannsdóttir, Þorsteinn Páll Hængsson og fulltrúi stjórnar Stefán Hallur Jónsson.

## 18. Fulltrúi í sáttanefnd TFÍ, Landlæknis og Neytendasamtaka

Jón Viðar Arnórsson formaður, Björn Þorvaldsson og til vara Björgvin Ó Jónsson

## Skýrsla stjórnar 2008 til 2009.

Á liðnu starfsári frá 1. sept 2008 til 31. september 2009 voru haldnir 8 félagsfundir auk aðalfundar. Stjórnarfundir á sama tíma voru 12. Auk þess sat stjórn eða hluti stjórnar fundi með heilbrigðisráðherra, fulltrúum frá Sjúkratryggingum Íslands, umboðsmanni barna, landlækni og tryggingayfirtannlækni, auk fjölmargra stjórnarmálanna. Er óhætt að segja að árið hafi verið viðburðaríkt og tannlækningar mikið í sviðsljósinu.

Á félagsfundi 11. september kom Pétur Blöndal alþingismaður og kynnti hugmyndir nefndar heilbrigðisráðherra um nýskipan í almannatryggingum og mögulegt samstarf við tannlækna um söfnun upplýsinga vegna nýs endurgreiðslukerfis sjúkratryggina. Tannlæknar tóku vel í þessi mál en því miður virðast þessar hugmyndir algjörlega hafa gufað upp í krepplunni.

Á sama fundi kynnti Sólveig Anna Þorvaldsdóttir í sigurefni Dentsply keppinnar en útskriftarárgangur Tannlæknadeildarinnar 2008 vann þá keppni fyrstir íslenskra keppenda.

Aðalfundur var haldinn 16. október í skugga efnahagshamfaranna. Þar bar helst til tíðinda að formaður félagsins Sigurjón Benediktsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Ingibjörg S. Benediktsdóttir varaformaður kosin formaður. Aðrir í stjórn voru kosnir Sigurður Benediktsson, Stefán Hallur Jónsson, Kristín Gígja Einarsdóttir og Petra Vilhjálmsdóttir. Í varastjórn voru kosin Börkur Thoroddsen og Sonja Rut Jónsdóttir. Stjórn skipti með sér verkum þannig að Sigurður var valinn varaformaður, Stefán gjaldkeri, Petra ritari og Kristín meðstjórnandi.

Á fyrsta félagsfundi nýrrar stjórnar sem haldinn var 20. nóvember hélt prófessor Sigfús Þór Elíasson erindi sem hann tileinkaði Hauki Clausen en hann hefði orðið áttæður þann 8. nóv 2008. Nafn erindisins var Viðhald og viðgerðir fyllinga á vísindalegum grunni.

Þann 11. desember hélt Ægir Rafn Ingólfsson, tannlæknir og jógakennari fyrirlestur um óráviddir mannsheilans. Talaði hann m.a. um streitustjórnun og streituaðlögun.

Sviðaveisla formanns var haldin 13 desember.

Félagsfundur var haldinn þann 15. janúar 2009 í tengslum við janúarkúrsus og var þar einvörðungu rætt um félagsmál.

Félagsfundur var haldinn 12. febrúar en hann var minningarfundur um Hörð Sævaldsson en börn hans komu að máli við félagið og vildu færa félaginu gjöf í minningu hans. Fengu þau að velja fyrirlesara og varð fyrir valinu fyrirlestur forvarðarins Smára Sæmundssonar sem hann nefndi "Kötturinn í sekknum" og fjallaði m.a. um málverkafölsunarmálið mikla.

Félagsfundur var svo haldinn 19. mars og var þá Magnús F. Ragnarsson tannholssérfræðingur með fyrirlesturinn um mun á tannlæknum á Íslandi og í Svíþjóð.

Þann 30 apríl var svo haldinn félagsfundur með mökum, sem þótti heppnast afar vel. Gísli Einarsson sjónvarpsmaður var þar ræðumaður kvöldsins og ræddi þar um heima og geima, gestum til mikillar kátínu.

Þann 10. september var svo haldinn félagsfundur þar sem Sigurjón Benediktsson tannlæknir hélt fyrirlestur um tannlækningar í Noregi en hann hefur starfað um hríð í bænum Lødingen í Norður-Noregi.

Í erlendum samskiptum var það helst að fréttu að röðin var komin að TFÍ að halda formannafund Norðurlandanna og fór sá fundur fram í Reykjavík í maí 2009. Formaður sinnti erlendum samskiptum sem aðallega fóru fram í gegnum netið en einnig fór formaður auk nokkurra annarra Íslendinga á Danska Árspingið og FDI þingið í Stokkhólmi. Stefna stjórnarinnar er að auka enn samband okkar við systurfélögin á Norðurlöndunum. Ekki hefur verið farið á fundi hjá ERO eða CED í nokkur ár. Norðurlandaskrifstofurnar hafa reynst okkur ákaflega vel þegar kemur að því að fá skjót og góð svör við hinum ýmsu spurningum.

Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem komið hafa að undirbúningi og framkvæmd félagsfunda fyrir vel unnin störf. TFÍ verður aldrei öflugra en fólkið sem er í félaginu og það er lífsnauðsynlegt fyrir félagið að félagar mæti á fundi og láti skoðanir sínar í ljósi.

F.h. stjórnar Ingibjörg S. Benediktsdóttir formaður TFÍ.

## Skýrsla samninganefndar TFÍ.

Ekki hafa verið haldnir formlegir fundir hjá samninganefnd TFÍ. Það er túlkun Sjúkratrygginga Íslands að ekki megi semja við fagfélög. Það er von TFÍ að þessum lögum verði breytt. Formaður hefur tvisvar verið kallaður á fund hjá SÍ í annað skiptið með Kristínu Heimisdóttur formanni Tannréttingafélags Íslands. Lítil önnur samskipti hafa verið á milli TFÍ og SÍ.

Ingibjörg S. Benediktsdóttir, formaður TFÍ

## Neyðarvaktin.

Segja má að Neyðarvaktin hafi lent í „fjölmíðlastormi“ nú síðsumars. Mikilvægt er fyrir okkur tannlæknana að leysa úr viðkvæmum málum sem upp koma á neyðarvakt sérstaklega þegar börn eiga hlut því orðspor okkar er viðkvæmt og fjölmíðlar fljótt til. Félagið þarf að skoða þessi mál betur því núverandi staða er ekki viðunandi.

Sigurður Benediktsson

## 25. Ársþing Tannlæknafélag Íslands 13. og 14. nóvember 2009

### Föstudagur 13. nóvember

08.00 – 09.00

**Skráning og afhending gagna**

09.00 – 09.30



#### Hrönn Róbertsdóttir

*Hvað einnennir fallett bros?*

*Bros er hluti af okkar náttúrulegu tjáningu. Afhverju fellur okkur betur við ákveðin bros?*

*Hvað einkennir þau? Hvað gerir bros fyrir fólk?*

*Hverjar eru kröfurnar í samfélaginu? Hvernig getum við komið á móts við þær?*

*Tannlæknar meðhöndla fólk en ekki „tennur“*

*Hverjir eru meðferðarmöguleikarnir?*

09.30 – 10.00



#### Júlíus Schopka

*Kjálkaaðgerðir – til að laga bitið eða fegra brosið?*

*Árlega eru gerðar tugir kjálkaaðgerða á Íslandi, þar sem tannberandi kjálkabein er flutt. Í orði kveðnu er þetta er fyrst og fremst gert til að laga bitskekkju og ná fram hlutlausri afstöðu jaxla og augntanna. Reyndin er hins vegar sú að í mörgum tilfellum er „hliðarverkun“ aðgerðanna sú að laga útlitslyti enda hangir þetta tvennt mjög saman. Rætt verður hvernig þessar aðgerðir eru skipulagðar með það fyrir augum að ná fram sem bestum árangri með útlitið og brosið. Hvað er hægt og hvað þarf að varast.*

10.00 – 10.30

Kaffihlé

10.30 – 11.30



#### Solveig H Jónsdóttir

*Ólík andlit - ólík bros?*

*Í árunna rás hafa mismunandi skoðanir verið uppi um hvað einkennir fallett bros. Mat tveggja einstaklinga á fallettu brosi getur verið ólíkt, hvort sem um fagfólk eða almenning er að ræða. Í fyrirlestinum verður farið yfir helstu þætti sem skoða þarf þegar skapa á fallett bros með aðstoð tannréttinga. Að auki verður rætt um mikilvægi þess að skoða hvert einstakt andlit og forðast stöðlun í meðferð*

11.30 – 13.30

Matarhlé

13.30 – 14.30



#### Jón Ólafur Sigurjónsson og Bjarni Róbert Jónsson

*Tölum við sama máli?*

*Góð og mikil samvinna á milli tannlæknis og tannsmíðs skiptir miklu máli til að ná sem bestum árangri við endurgerð tanna. Í þessum fyrirlestri verður farið yfir atriði sem þurfa að ganga á milli beggja aðila til að tryggja góða niðurstöðu. Sýnd verða nokkur tilfelli þar sem góð endanleg niðurstaða er háð góðri samvinnu.*

14.30 – 15.00

Kaffihlé

15.00 – 16.00



**Nanna Briem**, geðlæknir

*Úlfabros*

*Siðblindur er persónuleikaröskun, ein sú alvarlegasta. Samkvæmt tíðnitölum eru 1500-3000 Íslendingar með siðblindu. Þessir einstaklingar finnast alls staðar í samfélaginu, í öllum stéttum og störfum, ekki bara bakvið lás og slá. Sálfræðingarnir Robert Hare og Paul Babiak hafa rannsakað siðblindu bæði innan og utan fangelsismúranna, m.a. í viðskiptalífinu en fjallað verður um hugmyndir þeirra í erindinu.*

16.00 -

Kokteill hjá VÍS (nánar auglýst síðar)

## Laugardagur 14. nóvember

09.00 – 10.00



**Dr. Sigurður Rúnar Sæmundsson**, Dósent í barnatannlækningum og faraldsfræði við THÍ.

### **Hvað einkennir fallett bros tannlæknisins?**

Í fyrirlestrinum mun Sigurður Rúnar fjalla um nokkra þætti sem hafa sterk áhrif á hvernig tannlækni líður í starfi. Kynnt verða nokkur hugtök mannauðsfræða (human resource management) og þau tengd við starf tannlæknisins. Skoðuð verða meðal annars, fræðin um starfsmannahald – að ráða/reka starfsfólk – starfsmannaveltu og hvaða þættir hafa áhrif á ánægju fólks í starfi sínu

10.00 – 10.30



### **Magnús F Ragnarsson**

*"Hvítun rótfylltra tanna - hvað er til ráða!"*

*Helstu meðferðar möguleikar, kostir þeirra og gallar.*

10:30 – 11:00

### **Kaffihlé**

11.00 – 11:30



### **Helgi Hansson**

*"Meðfæddir gallar tönnum. Greining, ástæður og meðferð!"*

- Fjallað verður um flestar tegundir algengra galla í glerung og tannbeini. Farið verður stuttlega í gegn um myndun glerungs og tannbeins og komið inn á helstu ástæður galla sem og mismunagreiningu. Kynnt verður örsvörfun (mikroabrasjon) sem meðferðarúrræði við mildari tegundir glerungsgalla.

11.30 – 12.30



### **Bergþór Pálsson**

*"Brosandi borðsiðir!"*

**Árshátíð TFÍ verður haldin laugardaginn 14. nóvember á Hilton/Nordica og hefst kl. 19. 00**  
**Árshátíð sem enginn má missa af!!**

**Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 12. nóv. í félagsheimili TFÍ kl. 20.00.**  
**Hefðbundin aðalfundarstörf, nánar auglýst síðar.**

**Stjórnin**

## Skýrsla ársþings og endurmenntunarnefndar

### Starfsárið 2008-2009

Í nefndinni sátu Kristín Heimisdóttir formaður, Hængur Þorsteinsson, Petra Sigurðardóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Sigríður Rósa Víðisdóttir og Júlíus Schopka. Störf nefndarinnar fólust í því að skipuleggja ársþing og janúarkúrs.

Ársþingið 2008 var fjölsótt og vel heppnað. Tveir sérfræðingar, þau Dr. Irena Sailer og Dr. Ronald Jung frá prótetikdeildinni í háskólanum í Zürich í Sviss komu og héldu fyrirlestra fyrir tannlækna í Laugardalshöll.

Þingið var haldið í skugga efnahagshruns og stóð yfir dagana 17. og 18. október. Meginefni þingsins var um ferlið frá tannúrdrætti að límingu endanlegrar tannplantakrónu. Reynt var að svara klínískum spurningum innan tannplantafræðanna s.s. hvaða meðferðarmöguleikar væru í boði eftir að tönn hefur verið dregin; um tímasetningu tannplanta og rýrnun beins og meðhöndlun á estetískum svæðum. Gullfalleg klínísk tilfelli voru sýnd og fjallað um rannsóknir þær sem lágu að baki ákvarðanatöku í meðferðinni.

Góður rómur var gerður að máli þeirra Irenu og Ronalds, en erfiðlega gekk að útvega gjaldeyri til að greiða fyrir kostnað vegna þeirra. Það tókst þó fyrir rest og sýndu þau þolinmæði og biðlund vegna þessa.

Ársþing fyrir tanntækna og aðstoðarfólk tannlækna var haldið á Hilton, samhliða ársþingi tannlækna. Urður Njarðvík sálfræðingur hóf þingið með fyrirlestri um ADHD börn og áskoranir vegna þessa. Því næst ræddi Sigurður Örn Eiríksson um tannfyllingarefni þau sem standa til boða í dag. Að því loknu ræddi Elín Sigurgeirsdóttir um munn- og tanngerafræði og útskýrði vel í hverju fagið fælist. Eftir hádegismatinn hélt Bjarni Elvar Pétursson erindi um tannplanta og fór vítt og breitt yfir notkun þeirra í munni. Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari endaði svo daginn með áminningu um að hver bæri ábyrgð á sinni eigin heilsu.

Almenn ánægja var hjá aðstoðarfólki með ársþingið og heyrðust engar gagnrýnisráddir, en svo hefur ekki alltaf verið. Það hefur þó heyrst að tanntækna vilji sjálfir skipuleggja næsta ársþing sitt.

Janúarkúrs 2009 var haldinn í Félagsheimilinu dagana 16. – 17. janúar. Yfirskrift janúarkúrs var chirurgia fyrir hinn almenna tannlækni.

Júlíus Schopka ræddi um hvenær ætti að taka endajaxla og hvenær ekki. Því næst ræddi Hallur Halldórsson um tunguhöft og fjarlægingu þeirra. Að lokum fyrri dags kúrsins fór Magnús Jón Björnsson yfir aðgerðir á tannholdi og hvenær væri nauðsynlegt að framkvæma þær.

Síðari daginn ræddi Jón Ólafur Sigurjónsson um preprótetíska chirurgiu og að lokum fræddi Gunnar Auðólfsson lýtalæknir okkur um það nýjasta í lýtalækningum. Er óhætt að segja að sá fyrirlestur hafi vakið mikil athygli og áhugavert að kynna sér það sem kollegar okkar eru að bardúsa í næsta nágreppi við okkar vinnusvæði.

Ársþingið 2009 verður haldið 13.-14. nóvember nk. á Hilton. Að þessu sinni ráða íslenskir fyrirlesarar för, en nefndin ákvað að stíga varlega til jarðar og halda að sér höndum varðandi kostnað og erlendan gjaldeyri, en það var óskemmtileg reynsla s.l. haust að geta ekki fengið gjaldeyri til að greiða fyrirlesurum. Einnig verður að kappkosta að halda þinggjöldum í lágmarki á meðan efnahagsástand er slæmt, en það er mikilvægt að sem flestir kollegar sjái sér fært að mæta á ársþing. Það er þó ljóst að að ekki gengur til lengdar að nota einungis íslenska fyrirlesara, enda um takmarkaða auðlind að ræða sem ekki má ganga of nærri. Dagskrá þingsins er auglýst á öðrum stað í fréttabréfinu.

Undirbúningur fyrir janúarkúrs 2010 er í fullum gangi og verður dagskrá þess auglýst síðar.

Við Hængur Þorsteinsson stígum nú út úr nefndinni eftir þriggja ára nefndarsetu. Mig langar að nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrri og síðari fyrir afskaplega ánægjulega samvinnu.

Sérstaklega langar mig að þakka Petru Sigurðardóttur fyrir skelegga fundarritun og Anný, fyrir að vera alltaf til staðar.

F.h. Ársþings og endurmenntunarnefndar  
Kristín Heimisdóttir

### Skýrsla Hag og Rekstrarnefndar 2008 - 2009

Það kemur engum á óvart að rekstrarumhverfi á tannlækningastofum hefur breyst mikið frá því að síðasti útreikningur á kostnaðargrunni var sendur út í júní 2008. H&R beið með nýja útreikninga fram eftir árinu vegna gengisóvissunnar. Það voru nánast dagsprísar á krónunni árið 2008 og svo hrundi verðgildi krónunnar sl. haust. Gengið vegur þungt í kostnaðargrunni, einkum í stofnkostnaði sem áfram hefur áhrif á fjármagnskostnað og afskriftir – kostnaðinn við endurnýjun tækja og tóla.

H&R er nú að uppfæra til núvirðis kostnaðargrunn þann sem fylgdi samningi TFÍ og TR hinn 15. apríl 1992. Beið er eftir nýjum vísitölum sem birtast á vefsíðu Hagstofunnar næstu daga. Þá mun H&R senda félagsmönnum nýja grunninn ásamt leiðbeiningum í tölvupósti.

Sem dæmi um hækkunir í grunni frá síðasta útreikningi má nefna að: Heildarreksturs-kostnaður hefur hækkað um 21%; Laun aðstoðarfólks hafa hækkað um 16%, launatengd gjöld um 21%, Tryggingar um 28% – 57%, Stofnkostnaður og þar með fjármagnskostnaður og afskriftir um 34%. Vörunotkun, aðföng og efni um 19%. Vörunotkunin er mæld með „neyslúvísitölu án húsnæðis“. Ekki er til sérstök vísitala fyrir tannlæknaefni. Tilfinning mín er, að þessi aðföng hafi hækkað meira en 19%. Hugsanlega mælist meiri hækkan með nýrri vísitölu neyslúverðs sem mun birtast á vefsíðu Hagstofunnar hinn 28. september.

Það er nokkur vinna að uppfæra kostnaðargrunninn Alls eru notaðar 22 vísitölur og breytur. Þessi fjöldi flækir útreikningana. Til samanburðar yfir lengri tíma væri nóg að nota vísitölu neysluverðs til þess að framreikna grunninn og launavísitölu til að leiðrétta launin. En stefna H&R er að nota **nákvæmlega** sömu aðferðir og vísitölur sem giltu þegar samningur við TR var í gildi. Það getur komið sér vel ef sest verður að samningaborði við SjTr að hafa framreiknaðan grunn sem stjórnvöld samþykktu sjálf árið 1992.

**Samráð um gjaldskrá er ólöglegt.** Útreikningar H&R eru eingöngu leiðbeinandi. Þá má hafa til samanburðar þegar tannlæknir semur verðskrá sína **eftir eigin rekstrartölum og tímamælingum**. Útreikningarnir eru einungis framreikningur á grunni sem var tekinn í gildi árið 1992, þegar samningur var við TR um fastan taxta. Í grunn er svo bætt inn þeim 14 rekstrarliðum sem stjórn og gjaldskrárnefnd ákváðu að taka inn í grunn eftir að samningurinn féll úr gildi hinn 31. okt. 1998. Að auki gerði H&R nýjan tækjalista á síðasta ári. Hinn gamli frá árinu 1985 var úrelt að mati H&R. Kostn-aðarliðir grunnsins eru hvergi eins á tannlæknastofum. Sem dæmi má nefna að launakostnaður starfsfólks sem vegur þungt í grunni er mjög breytilegur. Eins er með afborganir af tækjum, tólum og innréttingum.

Í viðhorfskönnun TFÍ frá árinu 2003 er kafli 3.9: „*Hugmyndir að nýrri starfsemi*“. Fram kemur að 72% svarenda hafa áhuga á að taka þátt í „*starfslokakerfi fyrir tannlækna til að auðvelda þeim starfslok*“. Á síðasta aðalfundi var undirritaður kosinn í svokallaða sólstöðunefnd til þess að reyna að koma starfslokamálum tannlækna á skikk. Því miður hefur starfi nefndarinnar miðað lítið áfram og við nefndarmenn reynum að afsaka það með breyttu efnahagsumhverfi og hruni bankanna – erfitt að fá lán? Málið er samt brýnt. Ég gef kost á mér í sólstöðunefnd áfram og við nefndarmenn lofum að gera betur.

Börkur Thoroddsen

## Skýrsla lyfjanefndar

Starfsemi lyfjanefndar var með rólegra móti þetta starfsárið þar til í sumar er skortur varð á deyfilyfjum vegna vandræða í framleiðslu. Hafði nefndarformaður samband við framleiðendur, innflytendur og Lyfjastofnun vegna þessa og eru nú til deyfilyf sem eru flutt inn á undanþágu frá Lyfjastofnun. Í fyrra fóru fram óformlegar viðræður milli nefndarformanns og þáverandi Heilbrigðisráðherra um lyfjamál tannlækna. Því miður hefur ekki tekist að koma þeim í gang aftur með nýjum ráðherra en æskilegt að það verði sem fyrst.

Ásgeir Sigurðsson

## Orða- og fræðslunefnd

Orða- og fræðslunefnd hefur haldið áfram vinnu við söfnun og skráningu iðorða í tannlækningum.

Björgvin Ó Jónsson

## Frá ritnefnd Tannlæknablaðsins

Um miðjan nóvember 2008 kom 26. árg. Tannlæknablaðsins út. Á vorönn 2009 vann nefndin að endurskoðun á leiðbeiningum fyrir greinarhöfundum til samræmis við sambærileg blöð hér á landi og erlendis. Vinna er hafin við undirbúning næsta blaðs og gengur hún vel.

F.h. ritnefndar  
Sigrún Jónsdóttir

## Skýrsla ritnefndar tannlæknatala 2009

Lítill sem engin starfsemi hefur verið hjá nefndinni á þessu ári.

F.h. nefndarinnar Sigurjón Sigurðsson.

## Frá fulltrúa TFÍ í sérfræðinefnd.

Sérfræðinganefndin fundaði nokkrum sinnum í vetur með fulltrúum nokkurra sérgreina innan tannlækninga. Efni fundanna var að reyna að koma á stöðlun á því hvernig sjúklingaskrár og aðrar upplýsingar eru skráðar þegar sækja á um sérfræðiviðurkenningu. Tann og munnngervalækninga hópurinn reið á vaðið með þessa vinnu og er von að fleiri fylgi nú í kjölfarið.

Sérfræðinefnd samþykkti á fundi í vor að hver sem sækir um viðurkenningu í sinni sérgrein geti valið hvort sjúkraskrár, sem skylda er að leggja fram með umsókn, séu kynntar munnlega eða skriflega fyrir nefndinni. Er von að þessi ákvörðun létti mjög á þeirri vinnu sem þarf að leggja í þessar skrár og þar með að fleiri sækji um viðurkenningu.

Ásgeir Sigurðsson

## Skýrsla Sáttanefndar

Sáttanefnd starfsárið 2009- 2009 skipuðu.: Björn Þorvaldsson, Björgvin Jónsson, Jón Viðar Arnórsson.

Nefndin hefur fengið 4 mál til umfjöllunar, starfsárið, og segja má að 2 þeirra hafi leystst farsælega, en 2 eru í vinnslu.

Vissulega er oft við erfiða persónuleika að eiga, og stundum lítil rök fyrir kvörtunum eða kvörtunarefnið á jaðri hins raunverulega. Hinu er þó ekki að leynd að við, tannlæknar, megum gæta okkar betur í framkomu og orðum við sjúklingana, því oft er ásteytingarefnið spröttið af litlum rótum. Tannlæknirinn þarf að reyna að leysa málið með lagni, en ekki hleypa því upp í stífni og algera sjálfheldu.

Jón Viðar Arnórsson

## Skriflegir samningar um stærri verkefni.

Af gefnu tilefni vilja formaður og framkvæmdastjóri TFÍ hvetja félagsmenn sína til að gera skriflega samninga við sjúklinga sína þegar farið er stærri verkefni (kostnaður meiri en 100.000). Við fáum afar oft kvartanir frá sjúklingum sem ekki hafa gert sér grein fyrir kostnaði eða þeir ekki verið upplýstir nægjanlega vel. Eins og allir tannlæknar vita þá eru sjúklingar okkar misjafnir og stundum virðast þeir lítið skilja þó við séum búnir að fræða þá munnlega um það sem fyrirhugað er. Þá er mjög mikilvægt að hafa það skriflegt frá sjúklingi að:

1. Það sem á að gera (króna, brú, implant, rótfylling)
2. Taki X langan tíma (heimsóknir) (sjúklingur borgi fyrir skróp aukalega)
3. Ábyrgðartími (ef einhver)
4. Verð (verðbil ekki of stórt). Tímabil sem samningurinn gildi (verðið)
5. Sjúklingur hafi lesið og SKILIÐ samninginn (upplýst samþykki).
6. Undirskrift tannlæknis og sjúklings, sjúklingur fær eitt afrit og tannlæknir geymir annað

Ef þetta væri gert myndi það spara bæði sjúklingum, tannlæknum og Sáttanefnd TFÍ leiðindi og vesen. Í kreppunni verður meira um þetta, fólk vill fá allt fyrir ekkert og ekki er ólíklegt að klögumálum fjölgi ef ekkert er að gert. Stjórn TFÍ mun á næstunni athuga kosti þess að útbúa stöðluð eyðublöð sem tannlæknar gætu notað í þessu sambandi.

### Ágætu kollegar.

**Mig bráðvantar tannlækni til starfa á stofu mína í Reykjanesbæ, í aðeins 35 mín. fjarlægð frá höfuðborginni. Stofan er í hlýlegu, björtu og rúmgóðu húsnæði og mjög vel staðsett. Til greina kemur fullt starf eða hlutastarf og einnig kemur til greina að selja helmingshlut í stofunni. Verkefnastaða stofunnar er mjög góð. Allar nánari upplýsingar á tannlæknastofunni í síma 421-2577 eða utan vinnutíma í síma 895-2577.**

**Benedikt Jónsson tannlæknir**

## Brot á kjarasamningi TFÍ og FTAT ef ekki er gerður ráðningasamningur við starfsfólk.

Að gefnu tilefni viljum við hvetja tannlækna að gera ráðningasamning við starfsfólk sitt. 2. grein í kjarasamningi TFÍ og FTAT er svohljóðandi:

### Ráðning – Ráðningarsamningur:

Merkt TFÍ-FTAT Fylgiskjal 1 og TFÍ-FTAT Fylgiskjal 2. Að loknum reynslutíma skal gera skriflegan ráðningarsamning, en í samningi þessum má ekkert vera, sem skerðir kjarasamning TFÍ og FTAT. Starfsmat og hugsanleg leiðrétting á starfskjörum skal fara fram með sérstöku viðtali milli vinnuveitanda og starfsmanns. Slíkt viðtal skal fara fram einu sinni á ári og ber vinnuveitanda að hafa frumkvæði að því að boða til viðtals. Ef lengri tími en eitt ár líður á milli viðtala, getur starfsmaður óskað eftir viðtali, og skal það þá veitt innan tveggja mánaða. Niðurstaða fundarins skal skráð og staðfest með undirritun beggja aðila og skoðast það sem hluti ráðningarsamnings.

Eyðublaðið er skýrt og einfalt að fylla út, en það er að finna á heimasíðu félagsins undir liðnum - TFÍ ýmsar upplýsingar – FTAT ýmsar upplýsingar. Það er báðum aðilum til hagsbóta að slíkur samningur sé til staðar.

## Samningur milli FTAT og TFÍ

Samkomulag um breytingar á kjarasamningi milli Félags Tannlækna og aðstoðarfólks tannlækna og Tannlæknafélags Íslands.

Samkvæmt samkomulagi um stöðuleikasáttmála milli ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF og ríkisstjórnarinnar að stuðla að stöðugu verðlagi, lægri vöxtum, stöðugu og hærra gengi krónunnar og skapa þannig skilyrði fyrir nýrri sókn í atvinnumálum. Mun samkomulag sem átti að taka gildi 1. júlí um 3.5% launahækkun ekki vera raunhæf að sinni.

Var ákveðið milli samninganefndar TFÍ og FTAT að fyrirhuguð launahækkun skiptist í tvennt 1.8% frá og með 1. júlí 2009 og 1.7% launahækkun verði 1. nóvember 2009 eins og sáttmálinn segir til um. 2.5% launahækkun sem átti að taka gildi 1. janúar 2010 færast til 1. júní 2010.

Með þessum breytingum er von um að kjarasamningar frá 17. febrúar 2008 haldi.

Reykjavík 1. júlí 2009.